



# Aðalfundur Golfklúbbsins Keilis 14. desember 2016

Skýrsla formanns | Ársreikningur 2016





## Ársskýrsla Golfklúbbsins Keilis 2016





# Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Keilis 2016

Á aðalfundi Keilis sem haldinn var í Golfskála Keilis þriðjudaginn 10. desember 2015 var stjórn þannig kosin:

**Arnar Atlason, formaður til eins árs.**

Kosinn til eins árs vegna lagabreytinga, **Sveinn Sigurbergsson**  
Til tveggja ára voru kosin, **Davíð Arnar Þórsson, Guðbjörg**  
**Erna Guðmundsdóttir og Daði Janusson**

Fyrir í stjórn, **Guðmundur Óskarsson og Ellý Erlingsdóttir**

## Stjórn Keilis því þannig skipuð á starfsárinu:

Arnar Atlason	formaður
Sveinn Sigurbergsson	varaformaður
Davíð Arnar Þórsson	ritari
Guðmundur Óskarsson	gjaldkeri
Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir	meðstjórnandi
Daði Janusarsson	meðstjórnandi
Ellý Erlingsdóttir	meðstjórnandi



Arnar Atlason, formaður

## Endurskoðendur ársreiknings:

Aðalmaður, Gunnar Hjaltalín og til vara Sigurður T Sigurðsson.

Á starfsárinu voru haldnir 12 formlegir stjórnarfundir, auk fjölmargra nefndafunda og annarra vinnufunda.


Í upphafi starfsársins 2016 voru **1.347** félagar í Golfklúbbum Keili, en í lok árs eru þeir **1.360**.

Þar af eru **310** félagar skráðir á Sveinskotsvöll.


Í ár fjölgaði félögum um **13**.

**15** manns hafa sótt um fyrir 2017.

## Skipting félagsmanna eftir aldri 2016



## Kynjaskipting í Keili 2016



## Heilsársstarfsmenn

<b>Framkvæmdastjóri:</b>	Ólafur Þór Ágústsson.
<b>Vallarstjóri:</b>	Bjarni Hannesson.
<b>Aðstoðar vallarstjóri:</b>	Arnaldur Birgirsson.
<b>Aðstoðar vallarstjóri:</b>	Guðbjartur Ísak Ásgeirsson
<b>Skrifstofa:</b>	Pétur Gærdbo Árnasson.
<b>Hraunkot:</b>	Kristinn Kristinsson.
<b>Íþróttastjóri:</b>	Björgvin Sigurbergsson
<b>Verkstæði:</b>	Birgir Gunnlaugsson



**Golfkennarar**

Karl Ómar Karlsson og Björn Kristinn Björnsson.

**Aðrir Vallarstarfsmenn**

Ásgeir Þórðarson, Sigurður Þorgeirsson, Jón Ágúst Sturluson, Fjölur Eiríksson, Sindri Jónsson, Bjarki Freyr Ragnarsson, Lukasz Bednarek, Atli Þór Grétarsson, Ólafur Jarl Gíslason, Fannar Þór Ragnarsson, Helgi Snær Björgvinsson, Andri Már Stefánsson, Einar Páll Pálsson, Ólafur Andri Davíðsson, Þór Breki Davíðsson og Jóhann Ingi Guðmundsson

Sumarstarfsmenn klúbbsins unnu samtals 8.699 dagvinnustundir á árinu, en áætlanir gerðu ráð fyrir 8.704 klst. (0,06% undir áætlun). Yfirvinnutímar voru 1.554 klst., en gert var ráð fyrir 1.562 vinnustundum (0,55% undir áætlunum). Samtals voru þetta því 10.266 vinnustundir unnar af sumarstarfsmönnum á árinu.

Til viðbótar voru 4-5 vinnuskólaunglingar að störfum í hverri viku frá miðjum júní fram í ágúst. Unglingarnir voru flestir ungir kylfingar í klúbbum á aldrinum 14-16 ára. Þau lögðu boltaför, fylltu í kylfuför og rökuðu glompur. Þessi hópur krakka er mikilvægur fyrir klúbbinn því úr þessum hópi koma oftast framtíðar starfsmenn. Við þökkum þeim því þeirra mikilvæga framlag.

**Aðstoðarfólk golfkennara**

Henning Darri Þórðarson, Rúnar Arnórsson, Sigurlaug Rún Jónsdóttir, Hafdís Einarsdóttir, Vikar Jónasson, Birgir Björn Magnússon, Benedikt Sveinsson, Thelma Sveinsdóttir, Hafdís Jóhannsdóttir, Andri Páll Ásgeirsson og Daníel Ísak Steinarsson.

**Eftirlitsmenn og ræsar**

Baldvin Jóhannsson, Hallgrímur Hallgrímsson og Ágúst Húbertsson.

**Starfsfólk í golfvöruverslun**

Elísa Eik Guðjónsdóttir, Ólöf Rún Jónsdóttir og Melkorka Sif Smáradóttir.

**Starfsfólk í Hraunkoti**

Kristinn S. Kristinsson, Davíð Kristján Hreiðarsson, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Högná Kristbjörg Knútsdóttir, Vikar Jónasson, Hekla Sóley Arnarsdóttir, Ísak Jasonarson og Hildur Rún Guðjónsdóttir.

**Þjónustusamningar**

Brynja Þórhallsdóttir: Eldhús og veitingar.

Þríf ehf: Ræstingar



## Nefndir (sbr skilgreind svið)

### Íþróttanefnd (Forgjafarnefnd, Nýliðanefnd)

Íþróttanefnd (Forgjafarnefnd, Nýliðanefnd)

Sveinn Sigurbergsson, Arnar Borgar Atlason, Davíð Arnar Þórsson, Björgvin Sigurbergsson og Ólafur Þór Ágústsson.

### Rekstrarnefnd (Kappleikjanefnd)

Guðmundur Óskarsson, Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir, Ellý Erlingsdóttir og Ólafur Þór Ágústsson.

### Mannvirkjanefnd (Vallarnefnd)

Sveinn Sigurbergsson, Ólafur Þór Ágústsson, Bjarni Hannesson, Guðmundur Óskarsson, Ellý Erlingsdóttir og Arnaldur Birgisson.

### Markaðsnefnd (Skemmtinefnd)

Daði Janusson, Davíð Arnar Þórsson og Ólafur Þór Ágústsson

### Öldunganefnd

Guðbjörn Ólafsson og Anna Snædís Sigmarsdóttir

### Aganefnd

Hálfdan Þór Karlsson.

### Orðunefnd

Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason og Ágúst Húbertsson.

### Kvennanefnd

Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir formaður, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Birna Ágústsdóttir, Matthildur Helgadóttir, Svava Skúladóttir og Þorbjörg Albertsdóttir.

### Laganefnd

Karl Ó Karlsson, Jóhann Nielsson og Sveinn Snorrason.

### Foreldraráð

Heiðrún Jóhannsdóttir, Hjörleifur Hjörleifsson og Unnur Elfa Guðmundsdóttir.

## Almennt um viðhald golfvallanna

(Tekið úr skýrslu vallarstjóra)

Veturinn 2015-16 minnti á veturinn tveim árum fyrr. Mikið var um klaka og af þeim sökum var nokkuð mikið um dauft gras sem blasti við okkur í apríl. Nokkuð var af kalskemmdum í brautum í hrauninu, þó að Hvaleyrin hafi að mestu sloppið. Skemmdir voru einnig í lægðum á flötum 1-6, þá sérstaklega í annari og fyrstu flöt. Ástandið var þó ekki eins slæmt og það var tveim árum fyrr.

Heilsársstarfsmenn þetta árið voru í upphafi árs fjórir. Sem fyrr var Bjarni Þór Hannesson vallarstjóri. Arnaldur Freyr Birgisson gegndi starfi aðstoðarvallarstjóra. Guðbjartur Ísak Ásgeirsson sem verið hefur yfir vallarstarfsmaður fékk að hluta nýtt verkefni. Samið var við Setbergsklúbbinn um yfirstjórn með viðhaldi Setbergsvallarins. Guðbjartur stýrði aðgerðum á Setbergsvellinum þrjá daga vikunnar, og fór eftir viðhaldsáætlunum sem unnar voru af Bjarna vallarstjóra. Tvo virka daga í viku vann Guðbjartur á Hvaleyrarvelli og um helgar þegar við átti.

Sumarstarfsmenn með tímabundna ráðningu voru 14 talsins framan af ári, en Andri Már Stefánsson bættist í hópin í Júlí. Á síðasta ári voru stöðugildin einnig 14, en það hélst út allt árið.

Golfsumarið byrjaði svo 8. maí með árlegu hreinsunarmóti. Kalt var í veðri í lok apríl og byrjun maí, en veðrið tók sig hins vegar á strax í framhaldi af því. Golfsumarið var með miklum ágætum þegar lítið er til veðurs. Dag eftir dag var ágætasti hiti og lítill vindur. Úrkoma var í minna lagi, og var það velkomið eftir tvö blaut sumur þar á undan.

Í október kom svo rigning, sem einstaka menn höfðu beðið eftir. Haustið var blautt, en ótrúlega hlýtt. Leikið var inn á allar flatir fram til 16. nóvember þegar fyrsta almennilega frostið skall á. Það var þó ekki langlíft, því enn þegar þetta er skrifað í desember, er hitastig vel yfir frostmarki, og reyndar nær 10°C en frostmarki.

Golfsumarið 2016 var í heildina með mestu ágætum. Miklar framkvæmdir einkenndu árið og sókn í útseldri vinnu var mikil, þó að meðal kylfingurinn hafi kannski tekið minna eftir því.

Ljóst er að við erum að auka afköst mikið á þeim mannskap sem við keyrum okkur á. Kylfingar virtust sáttir með Hvaleyrarvöllinn

í ár, sem er alltaf markmið númer eitt hjá okkur. Gaman var að fá loksins gott veður í sumar og sjá völlinn fullan dag eftir dag.

Nú styttest í ansi stórt ár í sögu golfklúbbsins; 50 ára afmæli og opnun á nýjum holum. Það verður óneitanlega gaman að sjá þessa miklu breytingu á vellinum en undirritaður hefur frá því hann tók við verið að vinna í þessum stækkunum á hverju ári. Það hefur verið undarlegt að hafa nánast tilbúna golfholu í höndunum undanfarin tvö ár án þess að hún sé formlega tekin í notkun. Það er alltaf mikill heiður að fá að taka þátt í mótun og byggingu golfhola, því ef vel tekst til má búast við því að verkið lifi töluvert lengur en maður sjálfur. Það er því eins gott að vanda til verka svo að framtíðar kynslóðir blóti manni ekki um of.

Eins og gert hefur verið undanfarin þrjú ár var stuðst við MLSN kenninguna í áburðarmálum. Flatir voru nánast eingöngu úðaðar með ammóníum sulfati, og voru notuð 79 kg N/ha í ár. Á síðasta ári voru notuð 67 kg N/ha, en það er aukning um 18%. Helsta ástæðan fyrir þessu er aukin hiti, en með auknum hita þarf meira af áburði. Einnig var verið að „ýta“ flötunum áfram með áburðargjöf til að hraða bata þeirra eftir kal vandamál vetrarins. Flatir voru einnig úðaðar með Primo Maxx á 200 GDD fresti, sem var frá 18-24 daga fresti yfir tímabilið.

Í upphafi árs var stefnt á að notast eingöngu við „Dispatch“ vatnsmiðlunarefni, sem er ódýrara efni en hingað til hefur

verið notað. Árið var nokkuð þurrt, og því var mikilvægt að vatnsmiðlunarefnin virkuðu vel til að jafna raka í flötum og jafna upptöku næringarefna. Í júlí var ákveðið að skipta aftur yfir í „Revolution“ vatnsmiðlunar efni, þar sem að of mikill ójöfnuður var í rakamælingum á flötunum. Nokkuð augljós munur var á flötunum eftir að skipt var yfir í Revolution, og því munum við halda okkur við það efni á næsta ári.

Vökvun miðaði að því að vökva flesta daga í þurrkatímabilinu, en aðeins var notast við 1,5 -2 mm. í senn, þó gufun og uppgufun (ET) væri nær 3 mm. á dag. Þannig voru flatirnar látnar þorna hægt og rólega upp, en þó var alltaf vatn til staðar. Þegar flatir fóru undir 15% í raka, þá voru þær vökvaðar með 4-5 mm. til að ná þeim aftur upp í 19-20% raka. Þessi aðferð virkaði vel, grasið nálgadist aldrei hættumörk en var aldrei of vökvað, og því hátt hlutfall lofts í jarðveginum, sem er mikilvægt fyrir rótarvöxt.

Flatir voru djúpgataðar tvisvar á árinu með 12 mm. heilteinum; að vori og seint um haustið. Í bæði skiptin voru flatir sandaðar vel (um 2mm lag) áður en gatað var. Einnig voru flatir létt sandaðar tvisvar sinnum yfir sumarið. Önnur flöt var tappagötuð um vorið. Í október voru flatir sandaðar þrisvar sinnum, samtals um 3,5 mm. þykkt lag til að verja grasið inn í veturinn. Flatir voru að jafnaði slegnar í 4,25 mm. 4-5 sinnum í viku. Flatir voru einnig valtaðar 4-5 sinnum í viku.





## Framkvæmdir 2016

Mikil vinna fór í nýframkvæmdir á árinu þar sem stefnt er að opnun á þrem nýjum holum á næsta ári; holur 13, 14 og 15.

Árið 2015 var lokið við mótun og sáningu á allri 13. Holunni ásamt teigum fyrir 14. Holuna (að undanskildum fremstu teigum). Búið var að keyra efni til að móta 14. Holuna, og búið var að móta og sá í 14. flötina. 15. Holan (nýja þar 3 holan) var svo að mestu tilbúinn, enda fengu kylfingar að prófa að leika inn á þá holu bæði í fyrra og í ár á tillidögum.

Í ár var svo klárað að móta 14. Holuna frá teigum að flöt og umhverfis hana. Drenlagnir voru settar vinstra megin við hana endilanga til að grípa vatn sem drenar undan Hvaleyrarholtinu, og var því stýrt út í Hvaleyrarlónið. Vökvunarkerfi var lagt í brautina og svo var sáð í hana alla í lok júní (yrki sem notuð voru: 40% Nigella, 40% Musica, 10% Arrowtown, 10% Jorvik). Einnig var lokið við byggingu á nýjum hvítum teig á verðandi 15. holu (nýja þar 3 holan).

Á 13. Brautinni var lokið við að hlaða glompur umhverfis flötina. Daniel Harley, fyrrverandi vallastjóri Hvaleyrarva llar, var fengin í verkið með aðstoð nokkurra starfsmanna klúbbsins. Kunnum við honum miklar þakkir fyrir verkið. Klárað var að sá í vandamálasvæði og röffkant meðfram vinstri hlið brautarinnar. Undir lok ársins var flötinn slegin í flatarhæð, aðeins ári eftir að sáð var í hana.

Verkefni sem bíða okkar á næsta ári er að koma góðri grasþekju á nokkur vandamálasvæði (sem þó tókst að laga mikið á árinu), koma upp góðu rennsli á flötunum (en þær eru tilbúnar í lágan slátt strax á næsta ári), ganga frá hleðslu á tveim glompum á 14. braut, og byggja teiga á 13. braut, ásamt fremsta teig á þeirri 14. Við erum á þessum tímamarki mjög bjartsýnir á að okkur takist að klára verkefnið í tæka tíð fyrir Íslandsmótið sem haldið verður í lok Júlí á næsta ári, á 50 ára afmæli klúbbsins.

Skiljanlega fór mikil vinna í að koma þessum holum á laggirnar þar sem að öll vinna á svæðinu er unnin af starfsmönnum klúbbsins, að undanskildri ýtuvinnu. Starfsmenn sjá um alla fín mótun og frágang, hönnun og lagningu vökvunarkerfis og viðhalds á svæðinu.

## Æfingasvæði (Hraunkot)

Nú eru að verða 10 ár síðan Hraunkot opnaði, það er því kominn eðlilegur tíma á viðhald. Í ár voru allar motturnar endurnýjaðar ásamt því var óvenjumikið keypt af golfboltum á svæðið. Stærsta breytingin í Hraunkoti og sú sem hafði mest áhrif á rekstur þess eru Golfhermarnir sem voru settir upp í lok síðasta árs og opnuðu í byrjun desember 2015. Aðsóknin var eins og áætlanir höfðu gert ráð fyrir mjög góð. Þúttflöt var einnig sett upp á aðra hæðina þar sem kylfingar geta æft stökuna á eggsléttu gólfinu. Í lok síðasta árs var einnig sett niður vökvunarkerfi í lendingarsvæði Hraunkots. Svæðið sem um ræðir eru fyrstu 100 m sem slegið er inn á úr básunum í Hraunkoti. Svæðið var byggt upp á sínum tíma úr sandi úr sanddæluskipti. Jarðvegurinn er mjög þurr og á þurrkatímum, líkt og var í júlí og snemma ágúst mánaðar, skrælnaði svæðið mikið upp. Við það slitnar svæðið undan boltatínslúvélinni. Slitinn svörður veldur síðan tjóni á boltum og tínslúvélinni. Þar sem mikil vökvunarpörf var á nýframkvæmdarsvæðum var mjög erfitt að vökva Hraunkotssvæðið, sem skiljanlega var aftar í forgangsröðinni. Vökvunarkerfið gerir okkur nú kleyft að viðhalda þessu svæði betur, tryggja grasþekju og þannig komið í veg fyrir ótímabært tjón á æfingaboltum Hraunkots. Svæðið hefur með þessum breytingum tekið gífurlegum framförum á árinu

## Sveinskotsvöllur

Sveinskotsvöllur verður fyrir mestum truflunum af þeim framkvæmdum sem við erum í þessi misserin. Það hefur komið niður á gæðum hans og mun gera næstu tvö til þrjú árin. Unnið hefur verið að endurskipulagningu á vellinum og eru sú vinna að klárast þessa dagana. Það er stefna að vinna mjög markvisst að endurbótum á Sveinskotsvelli á næsta ári. Lagaðir verða teigar og 9. Flötin færð til og byggð upp. Þetta eru allt verkefni sem taka tíma og þurfum við að stóla á þolinmæði félaga Keilis meðan á framkvæmdum stendur.

Með tilkomu samnings um viðhald Setbergsvallar, var yfirvallarstarfsmaður (Guðbjartur Ísak) ekki eins mikið til staðar á Sveinskotsvellinum eins og venjulega. Hlutverk yfirvallarstarfsmans hefur verið að sjá um daglegt viðhalds hluta Sveinskotsvallar. Við höfum lært það að til þess að halda Sveinskotsvelli í sem besta ásigkomulagi þá þarf að vera starfsmaður með tæknilega þekkingu og vald til að framkvæma verkefni (m.a. færa starfsmenn úr verkum), að eyða um 60% af sínum tíma daglega á vellinu. Undanfarin tvö ár hefur verið

erfitt að hafa mann með þessa þekking á svæðinu svo mikið þar sem nýframkvæmdir hafa tekið töluverðan tíma af okkar færasta starfsfólki. Það mun að öllum líkindum breytast þegar fram í sækir, þegar nýframkvæmdir dragast saman.

Tilraun hefur verið gerð með að láta röff vaxa vinstramegin meðfram þriðju braut. Í ár var stór aukning í kríuvarpi á svæðinu. Þetta magn kom okkur nokkuð á óvart, sem varð til þess að við misstum stjórn á röff svæðum sem til stóð að slá. Kríur voru fljótar að hreiðra um sig. Við stefnum að því að vera fyrr til á næsta ári og afmarka betur svæði sem Kríur geta nýtt.

Lagt var sjálfvirkt vökvunarkerfi í 6. flöt vallarins. Þetta var gert þegar lögð var ný vatnslögn til að fæða vökvunarkerfið á nýju 14 holunni meðfram Hvaleyrarlóninu. Lögnin lá hliðin á 6. Flöt Sveinskotsvallar og því einföld aðgerð að koma kerfinu fyrir. Vökvunin nýttist okkur vel til að loka betur sáningu í sandhólnum fyrir aftan flötin, en brösulega hafði gengið fram að því að halda nægum raka í sandinum.

## Útseld vinna

Töluverð aukning var á árinu í útseldri þjónustu, en það eru aðallega tveir nýjir þættir sem skýra það. Annar liðurinn var fyrrnefndur viðhaldssamningur við Setbergsklúbbinn. Hinn liðurinn var aukin söndun sem möguleg var með kaupum á stóra sandaranum sem kom fram í vélakaupa liðnum. ÍTR keypti af okkur söndun á alla sína velli, samtals 33,5 ha. Hingað til höfum við aðeins sandað 9 ha fyrir Hafnarfjarðarbá á ári. Með stærri sandara jukum við tekjur af söndun um 375% á meðan tími sem við eyddum í söndun jókst um aðeins 38%.

Af annari útseldri þjónustu þá brýndum við rúmlega 300 sláttukefli yfir veturinn. Meðal afköst eru 4 kefli á dag. Við götuðum 573.000 m<sup>2</sup> fyrir viðskiptavinum okkar, við úðuðum plöntuvarnarlyfjum og áburði fyrir nokkra knattspyrnuvelli í Reykjavík og sáum um allt helsta viðhald knattspyrnuvalla Hafnarfjarðar (slátur, söndun, götun, yfirsáningar, áburðar og efna úðun). Vel tókst til með aðalvöllinn á Kaplakrika í ár. Dúkanotkun sem knattspyrnufélagið splæsti í, skilaði góðum árangri um vorið og var altalað hversu miklu betur Kaplakrika leit út en allir aðrir vellir á höfuðborgarsvæðinu.

## Kargi

Kylfingar hafa ekki farið varhluta af breytingum á röff-slætti undanfarin þrjú ár. Nokkrum svæðum á vellinum hefur verið leyft að vaxa úrsér og þannig viðhald við þau svæði takmörkuð. Þetta er hluti af umhverfivottun klúbbsins (GEO vottunin). Markmiðin eru nokkur: að auka fjölbreytileika í dýra og plöntulífri á vellinum (aukin fuglafjöldi er farinn að sjást og fjölbreyttari fauna er augljós); minni losun gróðurhúsalofttegunda; og síðast en ekki síst að spara töluverða fjármuni.

Síðustu þrjú ár hefur tekist að minka notkun á röff-sláttuvélum að meðaltali um meira en 130 klst borið saman við meðaltöl síðustu 10 ára. Þetta gerir sparnað upp á 27%. Meðal kostnaður per klst. á röffvél kostar klúbbinn rétt rúmlega 6000 kr (með manni), þannig að sparnaðurinn með þessum aðgerðum hljóðar upp á rúmlega 800.000 kr. Á sama tíma höfum við ekki orðið varir við að leikhraði hafi minnkað að neinu leiti. Einnig hafa svæði sem slegin eru með loftpúðavélum verið fækkað, þá sérstaklega hættulegum svæðum, og þannig hefur einnig sparast töluverðir fjármunir.

Þessar breytingar á viðhaldi kargans er að sjálfsögðu í mótun og er fyrirséð að við þurfum að endurmeta árangur þessara aðgerða reglulega

Þó að það sé þægilegra fyrir margan kylfinginn að röffin séu öll slegin niður, þá er mikill kostnaður fólgin í viðhaldi röff-svæða. Því meira sem slegið er af röff-svæðum því einsleitari verður dýra og plöntulífri svæðisins. Það þurfa því að vera góð rök fyrir að slá röff-svæði í ljósi þess mikla kostnaðar sem því fylgir.

## Malbikun

Á haustmánuðum var vegspotti sem tengdi veginn með fram sjónum á hrauninu malbikaður við stíginn fyrir aftan 1. flötina. Í viðbót var malbikað plan fyrir aftan klósettið við vegamót fyrstu og annara brauta og áttundu og níundu. Kylfingar munu ekki verða mikið varir við þessar breytingar, en þær muna miklu fyrir starfsmenn og neyðarþjónustu. Í framhaldi er áætlað að malbika frá nýja planinu veg sem tengist inn á sjöundu braut. Með því móti er hægt að koma sjúkrabílum hraðar inn á holur 5-7. Þetta mun í framtíðinni bæta viðbragðstíma neyðarþjónustu á þessu svæði og draga úr tjóni á vellinum sem slík þjónusta getur valdið. Einnig hraðar þetta vinnu starfsmanna á vellinum.



## Merkingar

Haldið var áfram að smíða vegvísa, teigmerki og aðrar merkingar fyrir golfvöllinn. Með þessari vinnu er verið að vinna að heildarútliti allra merkinga. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Fjölbautaskólann í Garðabæ þar sem einhverfir einstaklingar sjá um smíðina undir stjórn Guðlaugs Georgssonar. Þessi vinna hefur bætt mjög heildarásýnd golfvallanna og verður gaman að vinna áfram að þessu verkefni með Guðlaugi og hans fólki.

## Vélakaup

Þrjú ný tæki voru keypt á árinu. Fyrsta tækið var Jacobsen T ruckster XD vinnubíll. Bíllinn er í svokölluðum þungavigtar flokki (Heavy Duty) þegar kemur að vinnubílum ætluðum golfvöllum. Pallurinn getur borið 1,6 tonn, og er hann því ætlaður í mikinn burð á efni. Bíllinn leysti af hólmi 17 ára gamlan Toro Workman bíl. Bíllinn reyndist afskaplega mikilvægur í nýframkvæmdunum. Aukin burðargeta einfaldaði og flýtti

verkum. Bíllinn býður einnig upp á betri stjórnun á söndunar græjum og þannig eykur hann alla nákvæmni við þá vinnu.

Á árinu var einnig keyptur Turfco CR-10 sandari. Sandarinn er af stærstu gerð og nýtist okkur afskaplega vel við söndun knattspyrnuvalla. Sandarinn tekur 4 tonn af efni í einu. Með nýju græjunni hefur okkur tekist að minnka tíman sem tekur að sanda einn knattspyrnuvöll úr 6 klst. niður í 1 klst. og 40 mín. Sandarinn nýtist einnig til að sanda brautir á golfvöllum, sem mun hjálpa okkur að berjast við þæfis myndun á brautum. Að auki þá getur sandarinn dælt sandi beint ofan í minni sandarann sem sér um að sanda flatir vallarins, og flýtir þannig því verki. Með tilkomu þessara sandara gátum við tekið að okkur söndun á öllum knattspyrnuvöllum ÍTR í Reykjavík. Fyrir sjáum við um alla söndun á knattspyrnuvöllum Hafnarfjarðar.

Einnig var fjárfest í nýjum Kangoo þjónustubíl, Caddyinn okkar var orðinn úrsérgenginn og var bráðnauðsynlegt að endurnýja hann.



## Íþróttalegur árangur og íþróttastarf 2016

Íþróttastarf golfklúbbsins Keilis var með miklum sóma á síðasta starfsári. Áralöng hefð er fyrir því að hefja golfárið eftir nokkra vikna hvíld í byrun nóvember. Björgvin Sigurbergsson sinnti áfram starfi sem íþróttastjóri Keilis og þjálfari ásamt tveimur öðrum, Karli Ómari Karlssyni og Birni Kristni Björnssyni. Allir eru PGA menntaðir golfkennarar. Björgvini til halds og traust var foreldraráðið sem aðstoði við ýmsa viðburði og hluti sem tengdust golfstarfinu. Og einnig voru aðrir foreldrar kallaðir til aðstoðar ef þurfti. Ber að þakka kærlega fyrir þeirra vinnu.

Haustið byrjaði rólega þar sem flestir voru að byrja aftur eftir stíft sumar og hausthlé. Íþróttastjóri fór yfir það með kylfingum hvort þeir hefðu náðu markmiðum síðasta árs. Einnig var skoðað hvað þyrfti að huga að sérstaklega um veturinn og ný markmið voru sett. Hver kylfingur fékk sveiflugreiningu og verkefni til að vinna með í sveiflunni og stutta spilinu. Æfingar voru tvisvar sinnum í viku fyrir yngstu hópana kylfinga fædda 2003 og yngri en þrisvar í viku fyrir eldri kylfinga. Föstudagsæfingar voru 2x-3x í mánuði til viðbótar við aðrar æfingar. Á föstudögum voru sjálfstæðar æfingar og kylfingar unnu í sínum verkefnum eða keppt var í Hraunkotsmótum. Mótin voru stuttaspilmót, EM, HM og Smáþjóðleikar. Eitt af mótunum var auglýst sem opið mót fyrir unglunga úr öðrum klúbbum. Mótið var vel sótt og gaman að sjá hvað allir kylfingar skemmtu sér vel.

Eins og síðasta ár var byrjað með sumardagsskrá hjá Keili í annari viku af júní. Sumargolfskólinn var með sama sniði og síðasta ár þar sem krakkar í Hafnarfirði gátu sótt viku golfnámskeið í senn. Keilir sá einnig um golfnámskeið fyrir Setbergs golfklúbbinn. Eitt árið en varð aukning á námskeiðunum hjá Keili.

Á miðvikudögum voru miðvikudagsmót þar sem ungir krakkar æfðu sig að spila og keppa í golfi. Þetta árið voru mótin fleiri en árið á undan. Mikil ánægja var með mótin og margir tóku þátt. Settir voru upp gullteigar á Sveinskotsvelli þar sem mótin voru haldin og kom það vel út fyrir yngstu kylfingana. Gullteigar eru settir framar en aðrir teigar til gera leikinn auðveldari fyrir höggstyttri kylfinga. Einnig tóku margir kylfingar þátt í Meistaramóti Keilis og sýndu góðan árangur.

Axel Bóasson tryggði sér á árinu áframhaldandi keppnisrétt á Nordic golfmótaröðinni sem hefst í febrúar á Spáni. Axel varð jafnframt stigameistari, hann sigraði tvö af lokamótum ársins

þ.e. Hvaleyrarbikarinn og Securitas mótið auk þess að lenda í öðru sæti á Íslandsmótinu. Sannarlega góður árangur sem gefur vonandi byr undir bæða vængi.


Gísli Sveinbergsson varð Íslandsmeistari 2016 í holukeppni en hún var haldin hjá Golfklúbbi Suðurnesja í ár. Gísli hefur stundað nám í Bandaríkjunum við góðan orðstír.

Sigurlaug Rún Jónsdóttir hóf nám í Drake háskólanum í Bandaríkjunum og hefur spilað vel á árinu fyrir lið sitt. Auk hennar eru í háskólanámi í Bandaríkjunum þær Guðrún Brá Björgvinsdóttir og Gunnhildur Kristjánsdóttir.

Rúnar Arnórsson vakti athygli á árinu er hann setti met í skóla sínum fyrir lægsta skor en hann kom inn á 61 höggi.

Árangur Keilismanna á Eimskipsmótaröðinni árið 2016 var góður eins og árið áður. Markmið okkar eru að eiga sem flesta kylfinga í fremstu röð. Við teljum því markmiði verði helst náð með góðu unglunga og barna starfi. Hér á næstu blaðsíðum er samantekt um verðlaun úr keppnum ársins og er gaman að sjá hvað unga fólkíð er að standa sig vel.

## Íþróttalegur árangur 2009-2016





## Golfklúbburinn Keilir vann til 7 Íslandsmeistaratitla og 3 Stigameistaratitla.

Gísli Sveinbergsson	Íslandsmeistari í holukeppni karla
Íslandsmót 1 deild karla	Íslandsmeistarar golfklúbba
Sveitakeppni 1 deild eldri kvk	Íslandsmeistarar eldri konur
Þórdís Geirsdóttir	Íslandsmeistari kvenna 35+ 1. flokkur
Sigrún Margrét Ragnarsdóttir	Íslandsmeistari kvenna 65+ án forgj.
Þórdís Geirsdóttir	Íslandsmeistari 50+ án forgjafar
Ruth Einarsdóttir	Íslandsmót kvenna 35+ 2. flokki
Frans Páll Sigurðsson	Stigameistari 50+ án forgjafar
Arnar Logi Andrasen	Stigameistari 12 ára og yngri
	Áskorendamótar
Golfklúbburinn Keilir	Stigameistari kvenna á Eimskipsmótaröðinni

### Íslandsmeistarar í Íslandsmóti golfklúbba GSÍ

Pau sem skipuðu sigursveitir Keilis 2016

#### A-sveit Keilis Karla

Liðstjóri: Björgvin Sigurbergsson

Leikmenn: Axel Bóasson, Benedikt Sveinsson, Gísli Sveinbergsson, Henning Darri Þórðarsson, Rúnar Arnórsson, Andri Páll Ásgeirsson, Vikar Jónasson, Sigurþór Jónsson

#### A-sveit Keilis eldri-konur

Liðstjóri: Þórdís Geirsdóttir

Leikmenn: Anna Snædís Sigmarsdóttir, Kristín Sigurbergsdóttir, Helga Gunnarsdóttir, Þorbjörg Albertsdóttir, Margrét Berg Theodórsdóttir, Kristjana Aradóttir, Þórdís Geirsdóttir

## Annar árangur kylfinga Keilis

### Íslandsmót í höggleik karla

Axel Bóasson 2. sæti

### Íslandsmót í höggleik kvenna

Guðrún Brá Björgvinsdóttir 3. sæti

### Íslandsmót unglunga í höggleik

Henning Darri Þórðarson 3.-4. sæti strákar 17-18 ára

### Íslandsmót kvenna 65+ án forgjafar

Inga Magnúsdóttir 3. sæti

### Íslandsmót kvenna 65+ með forgjöf

Sigrún Margrét Ragnarsdóttir 2. sæti

Inga Karlsdóttir 3. sæti

### Íslandsmót karla 65+ án forgjafar

Guðmundur Ágúst Guðmundsson 2. sæti

### Íslandsmót karla 65+ með forgjöf

Jónas Ágústsson 2. sæti

Guðmundur Friðrik Sigurðsson 3. sæti

### Íslandsmót 50 ára og eldri án forgjafar

Frans Páll Sigurðsson 2. sæti

### Íslandsmót 50 ára og eldri með forgjöf

Frans Páll Sigurðsson 2. Sæti

### Stigamót GSÍ á Eimskipsmótaröðinni

Guðrún Brá Björgvinsdóttir 3. sæti

Signý Arnórsdóttir 4. sæti

Gísli Sveinbergsson 3. sæti

### Stigamót á öldungamótaröðinni

Þórdís Geirsdóttir 50+ án forgj. 2. sæti

Frans Páll Sigurðsson 50+ m.forgj. 3. sæti

### Stigamót GSÍ unglingar (stigamót)

Henning Darri Þórðarson 2. sæti piltar 17-18 ára

### Áskorendamótaröð GSÍ barnaflokkur (stigamót)

Stefán Atli Hjörleifsson 2. sæti drengir 14 ára og yngri

Ester Amíra Ægisdóttir 3. sæti stúlkur 12 ára og yngri

### Í keppni og til æfinga með landsliðum Íslands 2016

Gísli Sveinbergsson, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Henning Darri Þórðarsson, Rúnar Arnórsson, Signý Arnórsdóttir, Anna Sólveig Snorradóttir.

### Evrópukeppni félagsliða karlar

Vikar Jónasson, Henning Darri Þórðarsson og Andri Páll Ásgeirsson  
Liðsstjóri Axel Bóasson

### Landslið eldri kylfinga

Konur 50 ára og eldri Þórdís Geirsdóttir, Anna Snædís Sigmarsdóttir  
Karlar 50 ára og eldri Frans Páll Sigurðsson  
Karlar 55 ára og eldri Guðmundur Ágúst Guðmundsson  
Karlar 70 ára og eldri Jóhann Peter Andersen, Gunnlaugur Ragnarsson

### Íslandsmót golfklúbba

A-sveit Keilis Konur 2. Sæti  
Liðstjóri: Karl Ómar Karlsson  
Leikmenn: Þórdís Geirsdóttir, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Signý Arnórsdóttir, Anna Sólveig Snorradóttir, Helga Kristín Einarsdóttir, Jódís Bóasdóttir, Hafdís Alda Jóhannsdóttir, Gunnhildur Kristjánsdóttir.

### Evrópukeppni félagsliða

Við glæsilegan sigur karlasveitar Keilis í Íslandsmóti golfklúbba öðlaðist Keilir þáttökurétt á Evrópumóti Klúbbliða í Portugal. Axel Bóasson var liðsstjóri, og kepptu fyrir Keilishönd Vikar Jónasson, Andri Páll Ásgeirsson og Henning Darri Þórðarsson. Hér fer stutt samantekt liðsstjórans Axels frá mótinu.

Eftir langt ferðalag til Portugal voru strákarnir mjög spenntir að fara upp á völl og byrja að æfa og taka völlinn út. Strákarnir undirbjuggu sig vel með því að spila tvo æfingarhringi og fara vel yfir völl yfir léttu kvöldspjalli í stofunni. Völlurinn hentaði strákunum okkar nokkuð vel, smá þröngur en litlar flatir sem mér fannst bjóða uppá marga fugla. Eftir fyrsta keppnisdaginn þá enduðu þeir í 15 sæti og virtist eins og það hafi verið smá stress í strákunum, þetta var nú líka fyrsta Evrópumótið fyrir suma. En þeir voru ákveðnir að snúa blaðinu við og næstu tvo daga spiluðu Vikar og Henning alveg glimrandi golf sem skilaði 8. sæti. Þetta voru kannski ekki alveg úrslitin sem við vonuðumst eftir til að byrja með en var ótrúlega gaman að sjá þessa stráka koma til baka og klára mótið með stæl. Strákarnir voru klúbbum og þjóf til fyrirmyndir og var ég hrikalega stoltur af þeim og að fá að vera með þeim sem fyrirlíði.





# Mótahald

## Meistaramót Keilis 2016 haldið 3. - 9. Júlí. Þátttakendur 390

### Klúbbmeistarar Keilis 2016.

Meistaraflokkur karla	Axel Bóasson	277 högg
Meistaraflokkur kvenna	Þórdís Geirsdóttir	314 högg

### Sigurveggarar í öðrum flokkum.

1. flokkur karla	Árni Geir Ómarsson	300 högg
1. flokkur kvenna	Thelma Sveinsdóttir	325 högg
2. flokkur karla	Aðalsteinn Bragason	327 högg
2. flokkur kvenna	Þorgerður K Gunnarsd.	371 högg
3. flokkur karla	Högni Bergþórsson	362 högg
3. flokkur kvenna	Dagmar S. Gunnarsdóttir	291 högg
4. flokkur karla	Baldvin Björnsson	277 högg
4. flokkur kvenna	Dagný Sverrisdóttir	63 punktar
5. flokkur karla	Gunnar Guðjónsson	63 punktar
Öldfl KK 60+ m/fgj	Aðalsteinn Finsen	108 punktar
Öldfl KK 60+	Þórhallur Sigurðsson	247 högg
Öldfl KVK 60+ m/fgj	Erla Adolfsdóttir	107 punktar
Öldfl KVK 60+	Erla Adolfsdóttir	255 högg
Telpur 15 – 16 ára	Inga Lilja Hilmarsdóttir	309 högg
Strákar 14 ára og yngri	Svanberg Addi Stefánsson	250 högg

## Meistaramót barna 2016 haldið á Sveinskotsvelli 3. - 4. Júlí. Þátttakendur voru 11 efnilegir drengir og stúlkur

### Strákar

1. sæti	Oddgeir Jóhannson
2. sæti	Birgir Páll Jónsson
3. sæti	Máni Freyr Vigfússon

### Stelpur

1. sæti	Nína Kristín Gunnarsdóttir
2. sæti	Ester Amíra Ægisdóttir
3. sæti	Vilborg Erlendsdóttir

### Bikarmeistari Keilis 2016

Bikarmeistari Keilis 2016 varð Þórdís Geirsdóttir, Þórdís sigraði Ásgeir Guðbjartsson í úrslitaleik.

### Hola í höggi

Eftirtaldir kyflingar fóru holu í höggi á árinu 2016 og tilkynntu til Einherjaklúbbsins.

### Hvaleyrarvöllur

Rúnar Jónsson	18.09.2016	Hvaleyrarvöllur	6. braut
Jóhann S. Jóhannesson	01.07.2016	Hvaleyrarvöllur	10. braut
Jón Arnberg	22.06.2016	Hvaleyrarvöllur	4. braut
Sigurjón Rafn Gíslason	15.05.2016	Hvaleyrarvöllur	4. braut
Eyjólfur Reynisson	10.05.2016	Hvaleyrarvöllur	4. braut

### Félagslíf

#### Kvennastarf

Það var mikið um að vera hjá Keiliskonum þetta árið en að venju var byrjað að pútta um miðjan janúar. Haldin voru átta mót að vanda og töldu 4 bestu mótin. Mæting var með ágætum og bar Dagbjört Bjarnadóttir sigur úr býtum með 119 höggum, tveimur höggum undir Önnu Snædís sem var á 121 höggi.

Vorfagnaður var svo haldin í apríl þar sem vetur var kvaddur, verðlaun fyrir púttmótaröð veitt og vorinu heilsað. Þann 29. Maí skunduðu Keiliskonur í Borgarnes þar sem vormót Keiliskvenna fór fram, við fengum blíðskaparveður og fína mætingu. Sigurvegari mótsins var Ruth Einars á 39 punktum. Kvennamótaröðin hófst 11. maí og voru spilaðir 10 hringir sem töldu í mótinu, Í forgjafarflokk 0-18 sigraði Anna Snædís á 145 pkt og í forgjafarflokk 18,-34,4 sigraði Helga Ragnheiður Stefánsdóttir á 135 pkt.

Keiliskonur sóttu Oddskonur heim og öfugt í lok júlí og enn og aftur sigruðu Keiliskonur, það sætti þó undrun að Oddskonur mættu sterkar til leiks á Hvaleyrarvöll og sigruðu þar en það dugði ekki til því Keiliskonur tók Urriðavöllinn í nefið og sigruðu með yfirgnæfandi pkt. fjölda. Silja Rún Gunnlaugsdóttir sigraði í mótinu með 78 pkt samtals, þar af 43 pkt. á Urriðavelli.

Þann 13. ágúst héldu Keiliskonur í fyrsta skipti opið mót en var það í samvinnu við Altis og Sign. Fullt var í mótið og topp mæting í mat og verðlaunaafhendingu um kvöldið. Þetta var skemmtilegur viðburður og vonum við að þetta mót sé komið til að vera.

Haustferð Keiliskvenna var farin á Selfoss fyrstu helgina í September og spiluðum við í blíðskaparveðri á Svarfhólsvelli, þetta var í þriðja sinn sem Ryder keppnin var haldin og vann Ameríka að þessu sinni öruggan sigur. Að keppni lokinni var farið í dekur og mat á Hótel Selfossi þar sem að var gíst að þessu sinni. Keilistíkin 2016 var engin önnur en Guðrún Ösp sem átti frábæran hring.

Starfsárinu var svo lokað með haustfagnaði sem haldin var í lok október þar sem árið var gert upp og verðlaun veitt fyrir sumarmótariðina, þar sveif suðrænn andi yfir vötnum og fengu Keiliskonur léttu Salsakennslu til að mýkja sveifluna.

### Mótahald

Síðastliðið sumar var mótahald svipað sett upp og undanfarin ár. Eina markverða breytingin er að Keilir er aftur kominn með kvennamót á mótaskrána, er það mikið ánægjuefni. Mótaskráin hefur því spannað alla flokka sem eru að keppa, Öldunga, Unglinga og kvennaflokka. Mótasókn var mjög góð í byrjun sumars og langt umfram væntingar. Evrópumótið í Knattspyrnu hófst svo í júnímánuði og drógst sem betur fer fram á sumarið. Það hafði talsverð áhrif á mótasókn kylfinga það sem eftir lifði sumars.

Á nýliðnu ári var í fyrsta skipti haldið á heimavelli okkar nýtt mót sem hefur hlotið nafnið Hvaleyrarbikarinn. Mótið var í ár haldið í frábæru samstarfi við Borgun. Mótið er og verður hluti Eimskipsmótaraðarinnar og er stefna okkar hér að það verði fastur liður í mótahaldi okkar Keilismanna. Þetta mót er ólíkt mótum undanfarinna ára að því leiti að því er eignaður fastur tími á ári hverju þ.e. um miðjan Júlí. Mótið tókst frábærlega í alla staði, völlurinn skartaði sínu fegursta og skor leikmanna voru mjög góð. Ekki skemmdi fyrir að sigurvegarar úr báðum flokkum komu úr okkar röðum en það voru þau Axel Bóasson og Signý Arnórsdóttir. Þeirra nöfn verða á Hvaleyrarbikarinn um alla framtíð. Við í stjórn Keilis erum sannfærð um það að fámenn mót sem mynda má sterka hefð um, mót sem einungis alsterkustu kylfingar landsins leika í keppni við erlenda boðsgesti sé rétta leiðin til framtíðar. Hvaleyrarbikarinn mun þannig öðlast fastan sess og tryggja aukin gæði mótahalds á Íslandi til framtíðar. Hvaleyrarbikarinn er afsprengi mikillar vinnu sem farið var í til að endurskipuleggja mótahald hjá golfsambandinu.

Annað verkefni var á vegum GSÍ á Hvaleyrarvelli, en Íslandsbankamótariðin hjá unglungunum kom í heimsókn til okkar og er það í annað skiptið í röð sem krakkarnir fá að spreyta sig á Hvaleyrarvelli. Það var mikil tilhlökkun hjá krökkunum að

leika hjá okkur. Og það er mikil reynsla að krakkarnir fái að leika Hvaleyrarvöll í keppnisástandi. Mótið gekk vel í alla staði og var vel látið af umgjörð og vellinum okkar

Golfvöllur Keilis var leigður út til fyrirtækja eins og undanfarin ár alls voru þetta 9 skipti sem völlurinn var lokaður hluta úr degi, oftast var völlurinn opnaður aftur um þrjú leytið.

Auk þessa voru ýmis fyrirtæki og félagasamtök með rástíma 1 til 2 tíma í senn. Haukar, FH, Landsbankinn, VM, og Rio Tinto Alcan héldu sín árlegu golfmót hjá okkur.

Nú fjórða árið í röð er viðhorfskönnunin að sýna að árangur er að nást af fækkun móta. Keilisfélagar finna fyrir færri mótum og það sést á niðurstöðum úr viðhorfskönnunni í ár eins og á síðasta ári. Það er mikið gleðiefni að Keilisfélagar láta það líka sjást ef þeir eru sammála þessari þróun og styðja hana.

### Æfingaferð

Keilir fór í æfingaferð erlendis síðasta vor og var farið á nýjan stað, La Sella á Alicantesvæðinu á Spáni. Ferðin gekk vel og voru kylfingar sér, sínum og Golfklúbbum Keili til sóma. Í ferðina fór svipaður hópur og undanfarin ár eða um 40 kylfingar. Björgvin Sigurbergsson og Karl Ómar Karlsson fóru sem þjálfarar ásamt tveimur fararstjórum, Ólöfu Baldursdóttir og Hjörleifi Hjörleifssyni. Kylfingar vöknðu snemma á morgnanna og æfðu og léku golf eftir skipulagi frá þjálfurum fram á kvöld. Mikið var spilað og farið yfir þá þætti golfsins sem búið var að vinna með yfir veturinn. Á milli æfinga var gert eitthvað skemmtilegt til hæfis fyrir alla. Æfingaferð Keilis er gulrót fyrir krakkana til að æfa meira og betur yfir veturinn.

### Skemmtanir

Því miður gekk ekki að halda Jónsmessuna hátíðlega í ár. Það hefur verið einkennismerki Keilis í gegnum tíðina að halda uppá veglega Jónsmessu ár hvert og mætingin alltaf verið góð hjá félagsmönnum. Það verður unnin bragabót á þessu á næsta ári, enda þá 50 ár síðan fyrsta Jónsmessan var haldin.

Bændaglíma var haldin laugardaginn 8. október, þátttakan var með ágætum og 40 tóku þátt í bændaglímunni. Bændur voru þeir Ágúst Þór Eriksson og Rósmundur Rósmundsson. Lið Rósmundar sigraði naumlega.

Þorrablótið á sér fastan sess í skemmtanalífi okkar Keilismanna, alltaf hefur tekist að fylla á þetta kvöld. Að vanda var blótið haldið á bóndadaginn og verður svo áfram á næsta ári.



Afreksmannahóf Keilis er fastur liður á hverju ári, hófið var haldið að venju í janúar. Afreksfólki Keilis ásamt mökum var boðið til hófsins.

Á miðvikudagskvöldum eru bridgekvöld en spilakvöldin hafa verið haldin allt frá því að við fluttum í þennan golfskála. Í ár byrjar bridgeið með miklum látum og hefur verið met þátttaka á fyrstu kvöldum vetrarins. Það eru fáir atburðir eins fastir í sessi í félagslífinu ef golfið er undanskilið. Frá upphafi hefur Guðbrandur Sigurbergsson haft umsjón með þessum kvöldum. Minnum við á að allir eru velkomnir á þessi kvöld.

Áhugasamir félagar um knattspyrnu hittast líka á laugardagsmorgnum og tippa.

Öllum félagsmönnum er velkomið að mæta og taka þátt í getraunastarfsemi Keilis og mynda nýja hópa. Þess má geta þess að Balli er alltaf með heitt á könnunni.

### Samstarf við aðra golfklúbba

Í sumar voru í gildi samningar um afsláttarkjör til félagsmanna, hjá eftirfarandi golfklúbbum:

Golfklúbbi GS í Leiru

Golfklúbbi GHR á Hellu

Golfklúbbi Vatnsleysustrandar

Golfklúbbnum Geysi

Golfklúbbi Selfoss

Golfklúbbi Borgarness

Golfklúbbi Sandgerðis

Golfklúbbnum Leyni


Golfklúbb Akureyrar

### Heimsóknir okkar félaga á þessa velli eru eftirfarandi:

Vatnsleysa	297 hringir
Hella	304 hringir
Borgarnes	274 hringir
Leira	293 hringir
Leynir	232 hringir
Selfoss	227 hringir
Geysir	112 hringir
Akureyri	133 hringir
Sandgerði	Óskráð

Samtals voru þetta 1.871leiknir hringir, en voru í fyrra 1.732.

### Notkun á vinavöllum




### Leiknir hringir 2016

Samkvæmt rástímaskráningu voru leiknir 26.373 hringir á síðasta sumri á Hvaleyrarvelli. Á árinu 2015 voru leiknir 25,447. Það er gaman að sjá að leiknum hringjum er farið að fjölga aftur eftir nokkur mögur ár. Á aðalvelli voru leiknir hringir af félagsmönnum um 68% af notkuninni og er það sama hlutfall og síðustu ár. Að meðaltali fóru um 143 kylfingar í gegnum völlinn á degi hverjum á meðan opið var. Á Sveinskotsvelli var notkunin 66% af félagsmönnum og þann völl léku 33 kylfingar að meðaltal á dag en voru 36 í fyrra.

### Skipting er eftirfarandi :

Hvaleyrarvöllur	26.373 hringir
Sveinskotsvöllur	7.545 hringir



## Lokaorð

Árið sem í hönd fer er 50. starfsár Golfklúbbsins Keilis. Það markar þannig tímamót í farsælli sögu sem hófst hér á Hvaleyrinni árið 1967. Árið markar jafnframt tímamót í framkvæmdum hér á Hvaleyrinni því að á árinu líkur fyrsta áfanga breytinga sem gerðar eru samkvæmt tillögum McKenzie og Ebert.

Þrjár frábærar holar verða tilbúnar í júlí á næsta ári til keppni. Þær munu að mínu viti breyta Hvaleyrinni verulega til hins betra þó svo að ég hafi verið ánægður með hana fyrir. Tvær þeirra eru við sjávarsíðuna og sú þriðja má segja að sé landvinningar. Hún er enda að mestu leyti á landi sem við höfum ekki nýtt. Framkvæmdir hafa gengið vel undir stjórn Bjarna Hannessonar Vallarstjóra og hefur verið frábært að fylgjast með og fá örlitla innsýn í vinnu þessara frábæru fagmanna sem hjá okkur starfa.

Stærsti viðburður afmælisársins verður Íslandsmót sem haldið verður á breyttum Hvaleyrarvelli. Aðrar framkvæmdir sem tengjast tímamótunum er stækkun golfskála sem verður gríðarlega spennandi breyting þar sem í sal munu rúmast um 60-70% fleiri en áður. Stjórnin hefur einnig látið vinna hugmyndir að breytingum á nánasta umhverfi golfskálans. Það er orðið mjög brýnt að stjórn Keilis fari í stefnumótunarvinnu og forgangsraði þeim miklu verkefnum sem við okkur blasa.

Hafist hefur verið handa við að rita sögu félagsins. Þegar þessi orð eru rituð hefur fyrstu 10. árum þess verið gerð góð skil. Jafnframt er unnið við samantekt ljósmynda, málverka, uppdratta, blaðagreina og fleira efnis.

Í skipulagi Hafnarfjarðarbæjar er golfvelli ætlað svæði vestan Hvaleyrarvatns. Það er að miklu leyti fyrir tilstilli Golfklúbbsins Keilis að þetta svæði komst inná aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar og þannig trygggt að gert sé ráð fyrir öðrum golfvelli í landi Hafnarfjarðarbæjar. Golfklúbbur Setbergs hefur gengið til samstarfs við Keili vegna hugmynda um nýtt golfvallarsvæði. Í sameiningu hafa golfklúbbarnir tveir leitað til fleiri félagasamtaka sem ýmist hafa áhuga á að nýta svæðið eða hafa gert það fram að þessu, í von um að þróa megi aðlaðandi, vel hannaða og umhverfisvæna heildarlausn sem nýtist sem flestum þegnum samfélagsins, en hefði líklega ekki orðið til nema í krafti þeirrar fjöldahreyfingar sem við viljum gjarnan byggja verkefnið á.

Við teljum að með góðu samstarfi og skipulagi megi nýta golf og golfvallagerð mun betur sem frumkvæði í þágu samnýtingar á innviðum eins og bílastæðum, búnings- og veitingaaðstöðu, stærðarhagkvæmni fyrir samfélagið, lagfæringar á skemmdu landi og að gera það aðgengilegt sem flestum, heimamönnum sem og innlendum og erlendum gestum. Eins og komið hefur fram eru til ýmis dæmi um vel heppnaða blöndun ólíkra landnotkunarkosta á eða við golfvelli, þar sem við sögu koma m.a. reiðleiðir, skógrækt, göngu-, hlaupa- og hjólastígar, gönguskiðaiðkun, stangveiði, fuglaskoðun, fræðsla um menningarsögulega arfleifð og margvísleg landbóta- og vistverndarverkefni. Í okkur blunda háleit markmið um frekari nýsköpun og nýja hugsun í skipulagi, sem við teljum að gæti orðið til mikils sóma fyrir alla hlutaðeigandi og fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Íslendingar eiga orðið kylfing með þátttökurétt á stærstu mótarið kvenna í heiminum. Þetta er staðreynd sem fáir hefðu trúað fyrir fáeinum misserum þó svo mörgum hafi lengi látið sig dreyma. Ólafíu Þórunni Kristinsdóttir verður seint fullþakkað fyrir þann kraft og dugnað sem hún hefur sýnt og með því orðið kylfingum framtíðarinnar frábær fyrirmynd. Hún hefur nú brotið ísinn og vonandi að fjölmargar og margir fylgi í kjölfarið.

Einn af hornsteinum í rekstri Keilis og í samstarfi okkar sem íþróttafélags við Bæjarfélagið. Er íþróttastarf ungmenna. Hafnarfjarðarbær hefur um áraraðir lagt mikla áherslu á íþróttastarf í bænum með miklum og öflugum stuðningi. Það er okkur því mikil ánægja að geta kynnt til starfa nýjan íþróttastjóra hjá Golfklúbbum. Karl Ómar Karlsson var ráðinn í starfið frá og með 1. Nóvember. Karl er menntaður PGA golfkennari auk þess að hafa starfað sem grunnskólakennari frá árinu 1993. Björgvin Sigurbergsson mun áfram starfa sem yfirþjálfari klúbbsins. Má með sanni segja að við horfum með mikilli bjartsýni til framtíðar með þessa reynslumiklu kennara í okkar röðum.

Eins og fram hefur komið í reikningum félagsins þá eru tekjur GK nú liðlega 208 milljónir á ári. Það eitt og sér er athyglisvert en þær voru fyrir 10 árum liðlega 103 milljónir og hafa þannig vaxið um 105 milljónir sem er tvöföldun. Á sama tíma hefur vísitala neysliverð hækkad um 60,5 % (jan-jan). Þó er enn athyglisverðara að geta þess að hlutfall félagsgjalda hefur á sama tíma lækkað úr því að nema 54% af heildartekjum niður í 43%. Þar ber fyrst og fremst að þakka útsjónarsemi starfsmanna

klúbbsins, framkvæmdastjóra og undirmanna. Tekist hefur vel til við að fjölga tekjupóstum og þannig hefur gott jafnvægi haldist í rekstrinum. Skal þó sérstaklega á það bent að þetta hlutfall er það lægsta sem um getur meðal þeirra klúbba sem við viljum bera okkur við og má lítið út af bera svo jafnvægi þetta haldist.

Við afreksmenn í golfi vitum að æfingin skapar meistarann. Á þeim vettvangi eins og á öðrum íþróttatengdum sviðum er ætíð leitað nýrra leiða til að bæta árangur og auka skilning. Á síðasta ári tókum við í gagnið á æfingasvæði okkar ný greiningartæki sem stundum eru nefnd golfhermar. Mér þykir það nafn ekkert sérstaklega gott því tækin gera miklu meira en að herma eftir golfi. Þau geta mjög hæglega aukið skilning og getu hvers þess sem áhuga hefur á. Við stjórnarmenn tókum miklar umræður og hugarflug er við veltum þessari fjárfestingu fyrir okkur en óhætt er að segja að hún hafi nú þegar skilað sér, sérstaklega í aukinni getu þeirra sem notað hafa tækin.

Stjórn Keilis setti sér á síðasta ári markmið um að auka sýnileika á samfélagsmiðlum. Fyrir áhugasama má nú finna GK á Instagram, Facebook og Youtube. Ótrúlega gaman hefur verið að fylgjast með þeim jákvæðu athugasemdum sem við höfum fengið frá gestum okkar, sérstaklega þeim erlendu. Á afmælisárinu er markmiðið jafnfamt að endurgera heimasíðuna og færa hana til nútímalegra horfs.

Með þessum orðum lík ég yfirferð minni og óska félagsmönnum gleðilegs nýs árs.

Jafnframt þakka ég starfsfólki fyrir vel unnin störf.

Ég vil jafnframt nota tækifærið og óska viðstöddum gleðilegra jóla og nýs árs. Með von um að afmælisár okkar verði eftirminnlegt í alla staði.







# Svipmyndir frá Meistaramóti Keilis 2016



Verðlaunahafar frá Meistaramóti 2016



Flottir golfarar



Spentir áhorfendur



Leitað í gjótu



Verðlaunagripirnir





# Jólagjöf

kylfingsins fæst í Hraunkoti



Tilvalið í jólapakka  
kylfingsins



Gjafabréf í golfherma  
Hraunkots

## SILFUR

GJAFABRÉF

582 æfingaboltar  
ásamt 4x50 mínútna  
golfkennslu hjá  
golfkennara  
Hraunkots



hraunkot.is

**Silfurgjafabréf**, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem eru að læra undirstöðuatriði golfleiksins. Gjafabréfið inniheldur fjóra golf tíma í 50 mín. hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

**Silfurgjafabréf kostar 26.000 kr.**

## GULL

GJAFABRÉF

582 æfingaboltar  
ásamt 5x25 mínútna  
golfkennslu hjá  
golfkennara  
Hraunkots



hraunkot.is

**Gullgjafabréf**, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem komnir eru af stað í golfi og vilja halda áfram á réttri braut. Gjafabréfið inniheldur fimm 25 mín. golf tíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

**Gullgjafabréf kostar 21.000 kr.**

## DEMANTS

GJAFABRÉF

3309 æfingaboltar  
ásamt 2x25 mínútna  
golfkennslu hjá  
golfkennara  
Hraunkots



hraunkot.is

**Demantsgjafabréf**, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir golfara sem vilja æfa sig og fá smá kennslu hjá golfkennara. Gjafabréfið inniheldur tvo 25 mín. golf tíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn demantskorts.

**Demantsgjafabréf kostar 24.000 kr.**

## PLATINU

GJAFABRÉF

1271 æfingabolti  
ásamt 3x25 mínútna  
golfkennslu hjá  
golfkennara  
Hraunkots



hraunkot.is

**Platinugjafabréf**, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem vilja láta fínþússa sveifluna eða stutta spilið. Gjafabréfið inniheldur þrjú 25 mín. golf tíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn platinukorts.

**Platinugjafabréf kostar 18.000 kr.**

## Golfkennarar Hraunkots



Björn Kristinn  
Björnsson



Karl Ómar  
Karlsson



Ólafur  
Jóhannesson



Björgvin  
Sigurbergsson

**Hraunkot**  
Golfæfingasvæði



**GOLFKLÚBBURINN KEILIR  
STEINHOLTI 1  
HAFNARFJÖRÐUR  
KT. 680169-6919**

**ÁRSREIKNINGUR 2016**


## Áritun endurskoðanda

Ég hef yfirfarið ársreikning Golfklúbbsins Keilis fyrir starfsárið 1. nóvember 2015 til 31. október 2016. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi tímabilsins, efnahagsreikningi 31. október, skýringum og sundurliðunum nr.1 - 15. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur.

Við yfirferðina kannaði ég bókhald félagsins og önnur gögn sem nauðsynlegt þótti. Einnig voru lagðar fram fyrirspurnir og könnuð ýmis atriði með framkvæmdastjóra félagsins. Ég hef fengið greinagóð svör við öllum fyrirspurnum og tel mig hafa grunn til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi félagsins á rekstrartímabilinu og efnahag þess 31.október 2016 í samræmi við lög félagsins.

Hafnarfirði, 14. desember 2016

  
Gunnar Hjaltalín, löggiltur endurskoðandi.

## Skýrsla og áritun stjórnar

Að álit stjórnar Golfklúbbsins Keilis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31.október 2016, rekstrarárangri frá 1. nóvember 2015 til 31. október 2016 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hjá klúbbum störfuðu á árinu til lengri eða skemmri tíma alls um 35 starfsmenn.

Í árslok voru félagar í Keili 1360

Stjórn Golfklúbbsins Keilis staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.

Hafnarfirði, 14.desember 2016.

Arnar B. Atkinson

Guðmundur Ólafur

Trúinn Sig

Guðmundur Ólafur

Blý Erlingsdóttir

DAVID ARNAR ÞORSSON

Daði Jónsson



## GOLFKLÚBBURINN KEILIR

### REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur :</b>			
Félagsgjöld .....		90.175.055	88.420.168
Flatargjöld .....		18.270.640	15.061.608
Mótatekjur .....	1	12.877.600	11.554.100
Styrkir og framlög .....	2	19.585.012	19.862.224
Tekjur æfingasvæðis .....	3	18.343.348	12.596.423
Tekjur verslunar .....	4	7.349.129	8.485.281
Seld þjónusta .....		27.822.299	20.271.122
Unglingavinna .....		2.400.000	2.400.000
Aðrar tekjur .....	5	11.306.138	9.765.724
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<u>208.129.221</u>	<u>188.416.650</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Félagsskattur GSÍ .....		5.688.000	5.238.000
Mótagjöld .....	6	4.703.542	3.622.283
Styrkir og þjálfunarkostnaður .....	7	20.705.860	16.842.326
Rekstur æfingasvæðis .....	8	15.166.798	13.351.476
Viðhald og rekstur valla .....	9	39.612.038	38.496.596
Viðhald og rekstur véla .....	10	18.813.506	18.131.123
Rekstur fasteigna .....	11	10.870.378	10.237.349
Stjórnunarkostnaður .....	12	27.626.770	25.831.782
Rekstur verslunar .....	13	10.795.996	12.068.032
Rekstur útseldrar þjónustu .....	14	23.106.674	16.935.737
Unglingavinna .....		2.400.000	2.400.000
Annar kostnaður .....	15	6.223.430	3.971.864
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<u>185.712.992</u>	<u>167.126.568</u>
<b>Hagnaður ársins fyrir fjármagnsliði og afskriftir</b>		<u>22.416.229</u>	<u>21.290.082</u>
Afskriftir .....		<u>12.634.319</u>	<u>8.426.856</u>
<b>Hagnaður ársins fyrir fjármagnsliði</b>		<u>9.781.910</u>	<u>12.863.226</u>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>			
Vaxtatekjur .....		1.464.898	1.310.326
Vaxtagjöld og verðbætur .....		-6.987.768	-7.156.514
<b>Samtals</b>		<u>-5.522.870</u>	<u>-5.846.188</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>4.259.040</u></u>	<u><u>7.017.038</u></u>

## GOLFKLÚBBURINN KEILIR

### EFNAHAGSREIKNINGUR 31. OKTÓBER 2016

EIGNIR	Skýr.	2016	2015
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir .....		214.468.595	214.468.595
Bifreiðar .....		5.461.536	4.480.058
Vélar og tæki .....		53.416.805	41.831.347
Áhöld og innréttingar .....		1.224.664	1.440.781
Golfvöllur .....		318.303.437	309.036.967
	<b>Fastafjármunir samtals</b>	<u>592.875.037</u>	<u>571.257.748</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Birgðir .....		7.516.068	6.390.839
Viðskiptakröfur .....		11.783.727	11.271.091
Aðrar skammtímakröfur .....		1.028.948	2.329.718
Bankainnistæður .....		407.633	674.138
	<b>Veltufjármunir samtals</b>	<u>20.736.376</u>	<u>20.665.786</u>
	<b>Eignir alls</b>	<u>613.611.413</u>	<u>591.923.534</u>
 <b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:</b>			
<b>Eigið fé.</b>			
Framlag Hafnarfjarðarbæjar .....		262.300.535	249.103.175
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun .....		247.278.869	240.261.831
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....		4.259.040	7.017.038
	<b>Eigið fé samtals</b>	<u>513.838.444</u>	<u>496.382.044</u>
 <b>Langtímaskuldir:</b>			
Veðskuldir .....		70.745.992	72.001.981
Næsta árs afborgun .....		-15.750.000	-15.831.074
	<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<u>54.995.992</u>	<u>56.170.907</u>
 <b>Skammtímaskuldir:</b>			
Tékkareikningslán .....		10.061.984	8.720.554
Viðskiptaskuldir .....		10.174.288	7.277.084
Ógreitt vegna starfsfólks .....		5.358.211	6.544.838
Ógreiddur virðisaukaskattur .....		3.432.494	997.033
Næsta árs afborgun langtímalána .....		15.750.000	15.831.074
	<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<u>44.776.977</u>	<u>39.370.583</u>
	<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<u>613.611.413</u>	<u>591.923.534</u>

## GOLFKLÚBBURINN KEILIR

### SJÓÐSTREYMI 31. OKTÓBER 2016.

#### HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:

	2016	2015
Hagnaður ársins .....	4.259.040	7.017.038
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Afskriftir fastafjármuna .....	12.634.319	8.426.856
Verðbætur langtímalána.....	650.250	1.050.300
	<u>17.543.609</u>	<u>16.494.194</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða:		
Skammtímakröfur, lækkun(hækkun) .....	788.134	-1.613.252
Vörubirgðir, (hækkun)lækkun .....	-1.125.229	1.754.634
Skammtímaskuldir, hækkun(lækkun) .....	4.146.038	-10.535.509
	<u>3.808.943</u>	<u>-10.394.127</u>
<b>HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ALLS</b>	<u>21.352.552</u>	<u>6.100.067</u>

#### FJÁRFESTINGARHREYFINGAR

Endurbætur á golfvelli og húsnæði.....	-9.266.470	-22.984.359
Véla og bifreiðakaup.....	-24.985.138	-4.463.063
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR ALLS</b>	<u>-34.251.608</u>	<u>-27.447.422</u>

#### FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR

Afborgun veðskulda .....	-14.906.240	-2.562.185
Framlag Hafnarfjarðar .....	13.197.360	0
Ný langtímalán .....	13.000.000	30.000.000
Hækkun(lækkun) tékkareikningsláns.....	1.341.430	-5.828.196
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS</b>	<u>12.632.550</u>	<u>21.609.619</u>
<b>(LÆKKUN)HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ</b>	<u>-266.506</u>	<u>262.264</u>

Handbært fé í ársbyrjun .....	<u>674.138</u>	<u>411.874</u>
<b>HANDBÆRT FÉ 31.10. 2016.</b>	<u>407.632</u>	<u>674.138</u>



**GOLFKLÚBBURINN KEILIR****SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2016.****FASTAFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR**

Fastafjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Áhöld og innréttingar	Vélar og tæki	Golfvöllur
Stofnverð 01.01 .....	214.468.595	4.480.058	1.440.781	41.831.347	309.036.967
Keypt á árinu .....	0	3.360.997	0	21.624.141	9.266.470
Afskriftir ársins .....	0	-2.379.519	-216.117	-10.038.683	0
	<u>214.468.595</u>	<u>5.461.536</u>	<u>1.224.664</u>	<u>53.416.805</u>	<u>318.303.437</u>
Bókfært verð 31.10. 2016	214.468.595	5.461.536	1.224.664	53.416.805	318.303.437

Eignir eru aðallega skráðar við upphaflegu kostnaðarverði. Fasteignir og golfvöllir eru ekki afskrifaðir, enda litið svo á að hér sé um varanlegar eignir að ræða sem ekki rýrna að verðgildi nema síður sé, en hins vegar eru vélar og áhöld afskrifuð sem nemur um 15% af bókfærðu verði fyrra árs að viðbætti fjárfestingu ársins í slíkum eignum.

**EIGIÐ FÉ**

Yfirlit yfir breytingar á eiginfjárreikningum 2016.

	Yfirfært frá fyrra ári	Rekstrar- afkoma	Samtals 31.10.2016
<b>Annað eigið fé:</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	247.278.869	4.259.040	251.537.909
Framlag Hafnarfjarðar .....	249.103.175	13.197.360	262.300.535
	<u>496.382.044</u>	<u>17.456.400</u>	<u>513.838.444</u>

**LANGTÍMASKULDIR**

Langtímaskuldir Keilis eru tæpar 40 milljónir í verðtryggðum skuldabréfum með lokagjaldlega 2031 og 2035. Vextir af þeim lánum eru 5,3%. Einnig skuldar félagið 31 milljón til Landsbanka Íslands vegna framkvæmda við völlinn. Þau skuldabréf eru með 7,2% óverðtryggðum vöxtum.

	Samtals	
Landsbankinn	31.014.459	Óverðtryggt 7,20%
Landsbankinn	39.731.533	Verðtryggt 5,3%
Samtals	70.745.992	

Afborganir af verðtryggðum skuldabréfum félagsins eru um 2,5 milljónir á ári. Samið var um að greiða með jöfnum greiðslum óverðtryggð skuldabréf félagsins (13,3m) ár hvert í febrúar 2016 (nú þegar greitt), 2017 og 2018. Er þær greiðslur fjármagnaðar með framlagi frá Hafnarfjarðarbæ.

## GOLFKLÚBBURINN KEILIR

### SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2016.

	2016	2015
<b>1. MÓTATEKJUR</b>		
Tekjur, opin mót .....	8.092.100	7.336.900
Tekjur, innanfélagsmót .....	1.773.500	2.077.200
Tekjur, firmakeppni .....	3.012.000	2.140.000
<b>MÓTATEKJUR ALLS</b>	<b>12.877.600</b>	<b>11.554.100</b>
<b>2. STYRKIR OG FRAMLÖG</b>		
Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja .....	9.383.211	9.030.184
Framlag Hafnarfjarðar v/skrifstofu og rekstur valla.....	6.725.232	7.073.732
Afreksmannasjóður ÍBH .....	1.370.000	1.240.000
IBH, Alcan styrkur vegna unglinga .....	302.089	870.208
Framlag ÍSí vegna lottó .....	1.058.978	934.712
Ferðastyrkur íþróttaráð .....	646.867	440.000
Framlag ÍSí vegna getrauna .....	98.635	273.388
<b>STYRKIR OG FRAMLÖG ALLS</b>	<b>19.585.012</b>	<b>19.862.224</b>
<b>3. TEKJUR ÆFINGASVÆÐIS</b>		
Boltaleiga, Hraunkot .....	9.616.751	10.058.724
Styrkir, Hraunkot .....	1.543.750	1.310.000
Útleiga, Hraunkot .....	6.422.294	420.519
Púttmót, Hraunkot .....	87.500	211.600
Gjafabréf, Hraunkot .....	0	253.428
Sala, Hraunkot .....	673.053	342.152
<b>TEKJUR ÆFINGASVÆÐIS ALLS</b>	<b>18.343.348</b>	<b>12.596.423</b>
<b>4. TEKJUR VERSLUNAR</b>		
Seldar golfvörur .....	7.349.129	8.485.281
<b>TEKJUR VERSLUNAR ALLS</b>	<b>7.349.129</b>	<b>8.485.281</b>
<b>5. AÐRAR TEKJUR</b>		
Unglinganámskeið og æfingargjöld.....	4.192.822	4.450.201
Leiga golfbíla og golfsetta .....	4.707.045	3.614.268
Skápaleiga .....	976.000	777.000
Húsaleigutekjur .....	880.000	410.000
Vetrarsala .....	550.271	514.255
<b>AÐRAR TEKJUR ALLS</b>	<b>11.306.138</b>	<b>9.765.724</b>
<b>6. MÓTAGJÖLD</b>		
Kostnaður vegna innanfélagsmóta .....	1.474.625	1.926.321
Kostnaður vegna opinna móta .....	3.228.917	1.695.962
<b>MÓTAGJÖLD ALLS</b>	<b>4.703.542</b>	<b>3.622.283</b>
<b>7. STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR</b>		
Laun og launatengd gjöld þjálfara .....	13.825.462	12.653.570
Keppnisstyrkir .....	4.739.761	3.842.218
Evrópukeppni .....	920.366	58.538
Þjálfun afreksfólks.....	1.220.271	288.000
<b>STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR ALLS</b>	<b>20.705.860</b>	<b>16.842.326</b>

<b>8. REKSTUR ÆFINGASVÆDIS</b>		
Laun vegna Hraunkots og eftirlits.....	8.349.345	7.620.346
Hraunkot rafmagn og hiti.....	1.484.794	1.591.098
Æfingaboltar .....	1.518.513	1.199.282
Hraunkot viðhald.....	1.542.831	920.907
Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður .....	735.088	590.635
Tryggingagjald .....	556.436	471.380
Hraunkot innkaup og auglýsingar .....	979.791	957.828
<b>REKSTUR ÆFINGASVÆDIS ALLS</b>	<b>15.166.798</b>	<b>13.351.476</b>
<b>9. VIÐHALD OG REKSTUR VALLA</b>		
Launakostnaður .....	24.905.882	26.062.706
Viðhald valla .....	3.477.842	2.409.449
Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður .....	3.347.410	3.121.134
Tryggingagjald .....	2.018.712	2.243.188
Námskeið ofl. vegna starfsmanna.....	1.814.705	1.747.684
Eftirlit á völlum.....	2.399.500	1.998.248
Áburður og fræ .....	964.341	242.640
Vinnufatnaður starfsmanna .....	256.729	466.826
Aðkeyptur akstur.....	361.917	139.721
Félagsgjöld SIGI .....	65.000	65.000
<b>VIÐHALD OG REKSTUR VALLA ALLS</b>	<b>39.612.038</b>	<b>38.496.596</b>
<b>10. VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA</b>		
Launakostnaður .....	6.416.001	5.701.564
Viðhald og varahlutir .....	8.512.518	8.581.720
Eldsneyti á vélar og tæki .....	2.226.431	2.488.913
Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður .....	768.938	684.167
Tryggingar véla og tækja .....	376.519	203.979
Tryggingagjald .....	513.099	470.780
<b>VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA ALLS</b>	<b>18.813.506</b>	<b>18.131.123</b>
<b>11. REKSTUR FASTEIGNA</b>		
Ræsting, .....	3.720.560	3.739.118
Hiti og rafmagn .....	2.045.613	2.061.310
Viðhald áhaldahúss .....	950.026	335.452
Viðhald skála .....	971.279	1.251.031
Fasteignagjöld .....	293.684	331.012
Hreinlætisvörur .....	732.425	615.887
Securitas gæsla .....	1.054.111	842.207
Tryggingar .....	1.102.680	1.061.332
<b>REKSTUR FASTEIGNA ALLS</b>	<b>10.870.378</b>	<b>10.237.349</b>



**12. STJÓRNUNARKOSTNAÐUR**

Laun .....	17.654.039	14.938.729
Viðhald skrifstofutækja .....	1.999.809	3.072.879
Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður .....	2.051.053	1.856.856
Prentun og ritföng .....	1.053.905	1.276.596
Kostnaður vegna stjórnar og nefnda .....	1.334.885	1.396.784
Tryggingagjald .....	1.413.738	1.356.252
Símakostnaður .....	1.093.974	992.738
Annar kostnaður .....	399.082	261.076
Bókhald/Endurskoðun .....	505.327	531.277
Frimerki og giróseðlar .....	120.958	148.595
<b>STJÓRNUNARKOSTNAÐUR ALLS</b>	<b>27.626.770</b>	<b>25.831.782</b>

**13. REKSTUR VERSLUNAR**

Vörukaup verslun .....	5.764.429	6.945.536
Laun og launatengt verslun .....	5.031.567	5.122.496
<b>REKSTUR VERSLUNAR ALLS</b>	<b>10.795.996</b>	<b>12.068.032</b>

**14. REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU**

Laun .....	13.500.000	10.000.000
Viðhald véla .....	3.614.209	2.189.533
Eldsneyti .....	2.000.000	1.400.000
Áburður og fræ .....	1.742.465	1.511.204
Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður .....	1.150.000	1.000.000
Tryggingagjald .....	1.100.000	835.000
<b>REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU ALLS</b>	<b>23.106.674</b>	<b>16.935.737</b>

**15. ANNAR KOSTNAÐUR**

Auglýsingar .....	783.450	743.839
Flatargjöld á vinavöllum.....	1.502.100	1.457.800
Gámaleiga .....	1.267.228	953.866
Afnotagjald sjónvarps .....	382.196	317.837
Útgáfukostnaður vegna afmælis .....	850.000	320.000
Tapaðar kröfur	1.115.458	0
Tækifærisgjafir og gestamóttaka .....	255.918	156.922
Eftirlitsgjald og starfsleyfi .....	67.080	21.600
<b>ANNAR KOSTNAÐUR ALLS</b>	<b>6.223.430</b>	<b>3.971.864</b>

# Aðalstyrktaraðilar Keilis eru:

Rio Tinto Alcan á Íslandi

Síminn

Bensínorkan

Sjóvá

Bílaleiga Akureyrar

Opin Kerfi

Valitor

Ásbjörn Ólafsson

Fjarðarkaup

Skeljungur

Subway

Íslandsbanki

Hafnarfjarðarbær

Epli.is

Kemi

Mannvit

Naust Marine

Securitas

Hraunhamar

Servida-Besta

Borgun

Góa

Landsbankinn

KFC

Jónar Transport

Vífilfell

Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Hótel Hveragerði

NTC

Point

Icelandair Golfers

Þrif

66°Norður

Tölvustoð

Fura

Trefjar

Húsasmiðjan

RJC

Tor

Modern

B og L

Rafrún

Fastus

# Svipmyndir frá liðnu sumri



Hreinsunardagurinn



Svenni á grillinu



Æfingin skapar meistarann



Hvaleyrarbikarinn



Sól og blíða á Keili

